

Viðtöl við sérnámsgrunnskækna (SG-lækna)

Tilgangur

Viðtöl við sérnámsgrunnskækna (SG-lækna) eru fyrst og fremst hugsuð til þess að meta frammistöðu þeirra og líðan í starfi. Gagnlegt er að fá athugasemdir um það sem betur mætti fara með það að markmiði að bæta sérnámsgrunnsárið. Reynsla síðastliðinna ára sýnir að viðtöl af þessu tagi eru afar gagnleg.

Viðtalstíminn

Viðtölin fara fram a.m.k. einu sinni á ári og taka u.þ.b. 15 mínútur. Miðað er við að þau fari fram nálægt miðbiki námsársins. Kennslustjóri SG-lækna tekur flest viðtölin, en þegar það á við eru tekin viðtöl á Sjúkrahúsunum á Akranesi og Akureyri. Upplýsingar um viðtalstíma eru sendar í tölvupósti. Skyldumæting er í viðtölin og gert er ráð fyrir að SG-læknir óski eftir leyfi frá störfum á meðan.

Umsagnar- og matsblöð og önnur skjöl sem óskað er eftir í ePortfolio-kerfinu

Farið verður yfir umsagnir og skjöl sem borist hafa inn á ePortfolio-svæði kandiðats.

Varðandi skilyrði fyrir viðurkenningu á sérnámsgrunnsári

Í viðtalinu verður farið yfir skil á gögnum sem hafa borist inn á ePortfolio-svæði viðkomandi, farið yfir mætingu í fræðslu fyrir SG-lækna, skil á gátlista við upphaf starfs og staðfestingar á lokum tímabils frá heilsugæslunni og öðrum sjúkrahúsum þegar það á við. Óskað er eftir að SG-læknir komi með yfirlit yfir fjarvistir það sem af er árinu og hugsanlegar fjarvistir það sem eftir er ársins. SG-læknir þarf að gera grein fyrir því hvernig hann muni sjá til þess að öllum atriðum gátlistans sé mætt.

Gátlisti með skilyrðum fyrir lokum sérnámsgrunns er að finna á heimasíðu SG-lækna.

Viðtöl við SG-lækna sem lærðu erlendis

Tekið er stutt viðtal eftir u.þ.b. mánuð í starfi á Landspítala til að heyra hvernig gengið hefur í upphafi tímabilsins og til að geta brugðist við ef þörf er á stuðningi.

Upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ingimarsdóttir, menntadeild.

Netfang: sigruni@landspitali.is, sími: 543-1475